



Markaðspunktur í dag:

- Verðbólguþá: Verðlag lækkar um 0,2% í júlí

Verðbólguþá: Verðlag lækkar um 0,2% í júlí

Greiningardeild spáir 0,2% verðhjöðnun í júlí, þ.e. 0,2% lækkun á vísitölu neysluverðs (VNV). Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólgan mælast 4,7% samanborið við 4,2% í júní. Lækkun þessi á verðlagi má fyrst og fremst rekja til tímabundinna áhrifa frá sumarútsölum sem koma nú fram af fullum þunga í þessum mánuði. Á hinn bóginn mun hækkun eldsneytisverðs, húsnæðisliðar og launa (áhrif kjarasamninga) hafa áhrif til hækkunar.

Helstu þættir,

- **Sumarútsölur.** Síðustu árin hafa sumarútsölur lækkað verðlag um 0,5-0,7% í júlí. Sterk útsöluáhrif komu fram á sama tíma í fyrra en á þeim tíma var gengi krónunnar að styrkjast. Öfugt er upp á teninginn nú þar sem krónan hefur veikst að undanfögnu og gerum við því ráð fyrir að útsölur verði í lakari kantinum þetta árið. *Heildaráhrif -0,5%.*
- **Eldsneytisverð hækkar.** Eldsneytisverð hefur hækkað á bæði bensíni og díselolíu um 2,5-3,5 krónur. *Heildaráhrif +0,065%.*
- **Húsnæðisliðurinn hækkar.** Frá ársbyrjun hefur húsnæðisliðurinn haft rúmlega 0,7% áhrif til hækkunar á VNV – stór hluti þess má rekja til hækkunar á markaðsverði húsnæðis auk þess sem viðhald og viðgerðir hafa einnig haft sín áhrif. Greiningardeild gerir ekki ráð fyrir breytingum á þessari þróun og áfram muni húsnæðisliður hafa áhrif til hækkunar. *Heildaráhrif +0,10%.*
- **Áhrif kjarasamninga koma fram.** Greina mátti veik merki þess efnis í síðustu verðmælingu Hagstofunnar að birgjar, kaupmenn og önnur fyrirtæki væru farin að ýta kostnaðarhækkunum út í verðlagið vegna kjarasamninga en fyrstu hækkunir áttu sér stað 1.júní sl. Greiningardeild gerir ráð fyrir sterkari áhrifum á næstu mánuðum. Nú þegar hefur verðlagsnefnd búvara stigið fram og tilkynnt gjaldskrárhækkun á mjólk og öðrum mjólkurafurðum 1. júlí nk. Greiningardeild gerir ráð fyrir að aðrir birgja og kaupmenn fylgi í kjölfarið. *Heildaráhrif í júlí 0,05-0,10%.*

Barátta Seðlabankans við verðbólguþá


Ljóst er að barátta Seðlabankans til að viðhalda verðbólgu við markmið sitt er töpuð í bili. Ársverðbólgan hefur frá því í apríl mælst yfir 2,5% markmiði bankans og gangi bráðabirgðaspá okkar eftir (sjá hér að neðan) er útlit fyrir að ársverðbólgan verði í kringum 5,5% í september. Hins vegar er mikilvægt að átta sig á því að sú verðbólga sem gengið hefur yfir má einkum rekja til hrávöruverðshækkana úti í heimi sem ómögulegt er fyrir Seðlabankann hér heima að sporna gegn. Til að bæta olíu á eldin hafa aðrir innlendir þættir ýtt undir versnandi verðbólguhorfur eins og hinir títtnefndu kjarasamningar - sem Seðlabankinn varaði margoft við að samræmdist ekki verðbólguþá bankans. Þessu til viðbótar hefur fasteignamarkaðinn sýnt skýr merki um viðsnúning - en aukin umsvifin á þeim markaði eru ekki keyrð áfram á auknum útlánum í kerfinu heldur með eigin fé fjárfesta og sparifé einstaklinga (sem m.a. má rekja til gjaldeyrishafta). Þá hefur krónan einnig verið í veikingarfasa á sama tíma. Barátta Seðlabankans við verðbólguþá á næstu

misserum er því heldur erfið og má deila um hvort hann hafi einhver tæki eða tól til að berjast við þá verðbólgu sem framundan er.

Horfur næstu mánuði.

Í ágúst og september munu útsölur ganga tilbaka og því mun verðlag hækka meira en ella vegna þessa – þ.e. vegna áhrifa útsöluloka. Sú hættu er þó fyrir hendi að hækkunin verði ívið meiri að þessu sinni þar sem kaupmenn munu margir hverjar nýta tækifærið og ýta öðrum kostnaðarhækkunum út í verðlagið (sem dæmi veiking krónunnar og áhrifa kjarasamninga) samhliða því sem nýjar vetravörur mæta í búðir. **Gangi bráðabirgðaspá Greiningardeildar eftir er útlit fyrir að tólf mánaða verðbólga verði komin í 5,5% í september.**

- **Ágúst: +0,40%.** Áhrif vegna útsöluloka koma fram að hluta. Aðrar kostnaðarhækkunarir koma fram jafnóðum, veiking krónunnar og áhrifa kjarasamninga.
- **September: +0,60%.** Seinni hluti áhrifa vegna útsöluloka koma fram sem og aðrar kostnaðarhækkunarir. Aðrar árstíðabundnar hækkunarir.



Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kistrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur er ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskygni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem

hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is
